

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum, á sérstökum bankareikningi og er hún ábyrg fyrir sjóðnum gagnvart viðskiptaráðherra. Ennfremur skal hún skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri yfir sjóðinn.

## 9. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs úrskurðar, hvað teljast skuli flutningskostnaður, sbr. 4. gr. Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinnar verslunarstaða, þar á meðal framleiðslustaðar eða aðaltollhafnar og annarra verslunarstaða, skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma og skemmstu flutningsleið. Sömuleiðis skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekinnar kostnaðar úr sjóðnum að hluta eða að fullu, ef sýnist um að ræða misnotkun á jöfnunar-kerfinu í tilteknum viðskiptum.

## 10. gr.

Kostnaður við stjórn sjóðsins, skrifstofuhald og endurskoðun, greiðist af fé sjóðsins og skal þá tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins.

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 62, 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 272, 25. apríl 1982, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 13. desember 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 475/1998, um próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

## 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Próf skulu vera skrifleg og prófgreinar a.m.k. fjórar. Prófnefnd tekur hverju sinni ákvörðun um fjölda sjálfstæðra úrlausnarefna innan hversrar prófgreinar og efnissvið þeirra, sbr. 2. mgr., og lengd próftíma.

Í prófunum skal látið reyna á bæði fræðilega og verklega kunnáttu. Til grundvallar prófinu þar sem metin er bókleg þekking skulu einkum vera eftirfarandi greinar:

- endurskoðun,
- greining og gagnrýnið mat á ársreikningum,
- almennt bókhald,
- samstæðureikningar,
- kostnaðar- og rekstrarbókhald,
- innri endurskoðun,

staðlar um gerð ársreikninga og samstæðureikninga og um aðferðir til að meta liði á efnahagsreikningum og útreikning á hagnaði og tapi, lagalegir og faglegir staðlar um lögmælta endurskoðun bókhaldsgagna og um þá sem framkvæma slíka endurskoðun.

Jafnframt skulu eftirfarandi greinar hafðar til hliðsjónar, að því leyti sem þær snerta endurskoðunina:

félagaréttur,  
lög um gjaldþrot og sambærilegar reglur,  
skattalög,  
einkamála- og verslunarréttur,  
almannatryggingalög og vinnulöggjöf,  
upplýsinga- og tölvukerfi,  
rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði og fjármálahagfræði,  
stærðfræði og tölfræði,  
helstu hugtök um fjármálastjórnun fyrirtækja.

Prófverkefni skulu samin af einstökum prófnefndarmönnum eða þeim, sem prófnefndin felur það starf. Verkefnin og vægi úrlausnarefna innan þeirra, skulu lögð fyrir prófnefnd til samþykktar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. desember 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Telma Halldórsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 9.690 á íbúð, miðað við 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 13.490 miðað við 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.